

Tónlistarstundir 3-4 ára.



Markmið tónlistarstunda:

-Að börnin þroski með sér næmni fyrir hljóðum og hreyfingu.

-Að börnin varðveiti og þroski með sér frumkvæði til frjálstrar hreyfitjáningar með tónlist.

-Að börnin þroski með sér jákvætt viðhorf til tónlistar.

Að börnin upplifi félagslegan þátt tónlistarinnar sem er óháður aldri og þroski með sér samstarfshæfni og tillitssemi.

-Að börnin læri einstök hugtök í tónlist s.s hátt/lágt o.s.frv.

-Að börnin þroski með sér undirstöðufærni gegnum heyrn, rödd og líkama.

Heyrnarþjálfun: Hljóðgjafar með ólíkan blæ, styrk og rythmiska möguleika. Börnin þjálfist í að hlusta og þekkja aftur og endurtaka, para og flokka hljóð.

Rythmaþjálfun: Slagæfingar, rythmi útfærður með höndunum. Unnið með frjálstan og ákveðinn braghátt, rythma og stöðug púlsslög. Áhersla á snerpu, nákvæmni og fjaðrandi slög. Einnig unnið með eiginleika eins og hraða, lengd og styrk.

Söngur: Sönglög af ýmsum toga (lög og þulur) Spunasöngur þar sem kennari og nemandi syngjast á (tengja saman með púlshreyfingu).

Hreyfing: Eðlileg líkamshreyfing (ganga, hlaupa, stíga, rugga, hoppa, stökkva og snúa). Unnið út frá hreyfimyndri barns eða tónlist.

Handfjatla og líkja eftir hefðbundnum og óhefðbundnum hljóðgjöfum.

Markvisst að þroska heyrnarskyn. Heildarupplifun líkamlega og tilfinningalega. Nýta frumkvæði barnsins og hugmyndir sem koma hverju sinni.